

Biðlistar í febrúar árið 2000

Úr fréttatilkynningu frá landlæknisembættinu

Skráning og vinnulag vegna biðlista

Í janúar var í annað sinn kallað eftir biðlistum samkvæmt lágmarksskráningu vistunarpplýsinga. Segja má að staða biðlista eins og hún birtist hér endurspeglar stöðuna í janúar og fram í febrúar þar sem upplýsingar voru nokkuð lengi að berast til landlæknisembættisins. Það á þó ekki að hafa teljandi áhrif á stöðuna eins og hún birtist hér. Margar þeirra deilda sem skila inn tölum um biðlista hafa verið að byrja að skrá í Sögukerfið. Það eitt að verið er að skipta milli skráningakerfa getur haft áhrif á biðlista. Þegar flytja þarf hverja færslu handvirkt yfir í nýtt kerfi hefur það kallað á endurskoðun á biðlistum, oft er farið í endurskoðun í kjölfarið og getur þá fækkað í sumum tilfellum á biðlistanum. Stundum bætast hins vegar við nýjar upplýsingar, til dæmis þegar lækningar hafa sjálfir haldið utanum sinn biðlista eða þegar ekki hefur verið einn biðlisti á deild heldur margir.

Miklar breytingar eru framundan vegna sameiningar Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Vegna þessa er rétt að taka fram að einstakar deildir hafa ekki sameinast að undantolini æðaskurðdeild. Því er gerð grein fyrir hverri deild sérstaklega á hvorum stað og þær kallaðar sínum gömlu nöfnum. Breytingar á þessu munu koma fram í biðlistum þegar næsta könnun verður gerð í maí.

Í meðfylgjandi töflu er nákvæm grein gerð fyrir þeim breytingum sem orðið hafa.

Stuttir biðlistar

Eðlislægur munur er á stuttum og löngum biðlistum. Oft er deilt um hvort listi yfir 5-30 sjúklinga sé í raun biðlisti þar sem hann líti ekki sömu lögmálum og listi yfir 700 sjúklinga. Stuttir biðlistar séu í raun áætlanalisti og í besta falli óskalisti sjúklinga. Þar ráði sjúklingar hvenær meðferð muni fara fram en ekki forgangsroðun deildarinnar. Þá er samkomulag sjúklings og læknis um ákveðna dagsetningu þar sem meira tillit er tekið til óska sjúklings en aðstæðna deildarinnar. Í þeim tilfellum er biðtími ekki eins mikilvægur til þess að skoða röðun eða þjónustu við sjúklinga þar sem sjúklingur ræður miklu um sinn biðtíma. Slíkir listar geta verið gerðir marga mánuði fram í tímann, jafnvel upp undir hálf ár. Sú stefna hefur verið tekin hjá embættinu að kalla eftir upplýsingum um alla sem er bíða, hvort sem þeir velja sjálfir að bíða eða ekki. Ástæður þessa eru meðal annars þær að vegna þess að áherslur í skráningu hafa ekki verið með þeim hætti að hægt sé að greina þá frá sem óska sjálfir eftir aðgerð á ákveðnum degi og hverjir

ekki, þeir geta bæði verið á stuttum og löngum biðlistum.

Almennar skurðeildir

Heildarbiðlisti á almennum skurðeildum er nokkuð svipaður nú og síðastliðið haust, fer úr 922 í 930. Við síðustu innköllun á biðlistum var breyting á biðlista Sjúkrahúss Reykjavíkur og kom fram fækkun á deildinni. Hún var ekki skýrð sérstaklega þá en skal úr því bæt hér. Ástæða þessarar fækkunar var sú að einn sérfræðingur flutti sig frá deildinni yfir á Landspítalann og flutti með sér þá sjúklinga sem voru á biðlistum frá honum.

Á Landspítalanum er skráður langur meðalbiðtími eða um 79 vikur. Skýringuna er aðallega að finna í biðlista hjá einum sérhæfðum sérfræðingi í vélindaómsjáraðgerðum. Þessi biðlisti er frá 1994-1997 og telur 94 sjúklinga sem hafa beðið að meðaltali í 162 vikur. Þessa dagana er verið að uppfæra biðlista deildarinnar og hafa samband við alla þá sem eru á honum. Eftir öðrum aðgerðum bíða hins vegar 320 sjúklingar sem hafa beðið að meðaltali í 54,6 vikur, þar á meðal eru sjúklingar sem einnig eru á biðlista eftir vélindaómsjáraðgerðum. Nú stendur yfir könnun meðal þeirra sem hafa beðið lengst eftir vélindaómsjáraðgerð um líðan þeirra meðan beðið er eftir aðgerð og eftir að aðgerð er lokið.

Augndeildir

Heildarbiðlisti eftir augnaðgerðum breytist lítillega og hefur heldur aukist. Þegar lítið er lengra aftur eða til ársins 1997 er aukningin þó mun meiri.

Barnadeildir

Á Barnspítala Hringins bíða nokkuð færri börn nú eftir aðgerð en síðasta haust og munar þar mestu um fækkun á biðlista barnaskurðlækna og hjartalækna.

Barna- og unglingsgeódeild

Nokkuð færri börn bíða eftir meðferð á deildinni en fyrir í vetur. Biðlisti inn á deildina hefur ekki verið svo stuttur síðan árið 1996. Þess ber þó að geta að innri biðlisti á deildinni er nokkur eða 19 börn. Þetta er eru börn sem hafa fengið greiningu en bíða eftir frekari þjónustu deildarinnar. Embættið hefur ekki samþæfilegar upplýsingar til viðmiðunar milli ára.

Bæklunardeildir

Heildarbiðlisti eftir bæklunaraðgerðum hefur stöð-

Tafla I. Biðlistar á árabílinu 1996-2000.

Deildir	1996	1997	1998	Okt. 1999	Meðal- biðtími vikur	Feb. 2000	Meðal- biðtími vikur	Deildir	1996	1997	1998	Okt. 1999	Meðal- biðtími vikur	Feb. 2000	Meðal- biðtími vikur
Almennar skurðeildir								Hjartadeildir							
FSA				90	39,7	56	18,2	Lsp. hjarta- og lungnask.	29	51	47	38	10	51	9,7
Heilbr. Neskaupstað				47	17	51	23,3	Lsp. hjartadeild	158	165	180	214	18,6	252	16,8
Heilbr. Sauðárkróki				10	12,9	14	13,5	Sjúkrahús Reykjavíkur	28	69		40	e.v.	40	
Heilbr. Selfossi				60	18,5	90	5,6	Alls	215	296	292	343			
Heilbr. Suðurnesja				36	5,9	72	2,8	Kvensjúkdómadeildir							
Landspítalinn	150	286	274	410	e.v.	414	79	FSA – sólarhringssjúkl.				41	13,9	29	10,6
Sjúkrahús Reykjavíkur		300		123	26,2	120	76,8	FSA – ferlisjúklingar				38	12,4	43	10,9
Sjúkrahús Akraness		30		78	e.v.	81	e.v.	Heilbr. Sauðárkróki				4	2,9	5	11,8
St. Jósefsspítali Hj.		28		68	24,5	32	6	Heilbr. Selfossi				30	28	32	4,6
Alls	150	644	922	930				Heilbr. Suðurnesja				30	5,1	53	3,1
Augndeildir								Landspítalinn		335		120	15	326*	18
FSA				30	22,5	20	22,4	Sjúkrahús Akraness		32		45	17,6	54	20,4
Landspítalinn		280		362	15,8	397	19,6	St. Jósefsspítali Hj.		134		74	32,7	113	18
Alls	280	392	417					Alls	501	382	655				
Barnadeild FSA								Líknardeild Landspítalans							
Barnaspítali Hringins											4	1,8	2	1	
Almennur biðlisti				36		34		Lyflækningadeildir							
Augnlæknar				12		14		FSA				23	7,3	0	
Barnaskurðlæknar				169		155		Sjúkrahús Akraness				8	12	0	
Hjartalæknar				12		8		Heilbr. Neskaupstað				33	26,3	13	11,1
Lýtalæknar				25		18		Alls	64	13					
Tannlæknar				0		2		Lýtalækningar							
Alls				254		231		Landspítalinn		363	372	256	178,9	336	155
BUGL								St. Jósefsspítali		92		166	56,7	165	30
Án tilvísunar				10	16,5	13	e.v.	Alls	455	422	501				
Ofvirknigreining				56	18,8	15	e.v.	Pvagfæraskurðeildir							
Skimunarviðtöl/könnunarviðtöl				24	6,7	34	e.v.	Sjúkrahús Akraness						26	e.v.
Alls	60	73	90	15,3	62			Landspítalinn	300	150	172	114	99	130	87,7
Bæklunardeildir								Sjúkrahús Reykjavíkur		25	52	67	21	47	26,2
FSA	112	98	63	101	31,5	76	18,5	Alls	296	224	181			203	
Heilbr. Suðurnesja			25	11	5,9	18	2,4	Vífilstaðaspítali							
Landspítalinn	360	354	290	213	22	252	36	Svefnrannsóknir				446	56	429	58
Sjúkrahús Reykjavíkur	830	680	688	517	63,9	406	60,3	Lungnadeild						8	e.v.
Sjúkrahús Akraness		86	28	185	29,9	150	37,3	Alls	446	437					
St. Jósefsspítali Hj.	65	240	142	77	75	13		Taugalækningadeild							
Alls	1367	1458	1094	1169		977		Sjúkrahús Reykjavíkur		42		17	7,2	13	11,5
Endurhæfing								Æðaskurðeildir							
FSA		175	41	72	43,8	45	31,9	Landspítalinn	299	299	43	89	140	92	141,4
Landspítalinn		21		ekki lengur til staðar				Sjúkrahús Reykjavíkur					Ný deild	42	40,5
St. Franciskusspítalinn				51	9	51	46	Alls	134						
Reykjalundur		645	641	656	27	596	28,6	Öldrunarlækningar							
Sjúkrahús Reykjavíkur		2		17	10	16	15	FSA		22		7	16,6	30	17,6
Alls	843	682	796	708				Landspítalinn				20	e.v.	22	2,9
Geðeildir								Sjúkrahús Reykjavíkur		122			e.v.		
Landspítalinn		Upplýsingar liggja ekki fyrir				66	e.v.	Bráðadeild SHR				16	3,5	17	4
Tækniþróvagnardeild								Sjö daga deild				17	e.v.	17	16
	345	346	335	e.v.	335			Fimm daga deild				20	11	30	7,8
Háls-, nef- og eyrnadeildir								Heilabilunardeild				9	6	7	6,2
FSA		82	92	125	15,5	95	16,2	Skammtímavistun				21	e.v.	21	X
Heilbr. Sauðárkróki						10	19	Dagspítali				13	5	32	7
Heilbr. Selfossi				38	34	28	7	Alls	134	123	176				
Heilbr. Suðurnesja			102	80	9,2	105	2,1	Þjónustuhúsnæði, hjúkrunarrými eða annað							
Sjúkrahús Reykjavíkur	976	1000		422	33,6	464	37					99	e.v.	64	
Sjúkrahús Akraness		36	71	76	38	101	36	Alls á biðlistum	3603	6864	6988	7229			
St. Jósefsspítali Hj.	236	80		115	49	104	18	*Upplýsingar um 5 dagadeild bætast nú við; e.v.: Ekki vitað.							
Alls	1212	1198	856	907											

ugt verið að minnka frá árinu 1998 og er mesta breytingin á Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Á biðlista Sjúkrahúss Reykjavíkur biðu 12 eftir axlaraðgerð. Á biðlista eftir liðskiptiaðgerð voru alls 173, þeir skiptast þannig: 93 eftir liðskiptiað-

gerð í hné, 72 eftir liðskiptiaðgerð í mjöðm, fjórir eftir liðskiptiaðgerð í olnboga og fjórir eftir liðskiptiaðgerð í öxl. Eftir handarskurðaðgerð biðu 10, tveir eftir hryggspengingu, 24 eftir aðgerð á krossböndum og 31 vegna hné osteótómíu. Þá biðu 10

eftir liðspeglunum og 139 flokkuðust undir aðrar aðgerðir. Á biðlistanum voru sex börn.

Biðlisti bæklunardeildar FSA var yfirfarinn um áramót og því er gert ráð fyrir að biðlistinn sé nú nokkuð réttur.

Endurhæfing

Færi bíða eftir endurhæfingu nú en síðasta haust. Á FSA hefur biðlistinn styst verulega og biðtíminn að sama skapi styst um 12 vikur frá síðustu könnun. Nokkuð mikil fækkun er á á biðlista Reykjalundar og samkvæmt gögnum embættisins hefur hann ekki verið styttri síðustu fimm árin.

Geðdeildir

Nú eru í fyrsta sinn birtur biðlisti frá geðdeild Landspítalans og verður framhald þar á. Þessi biðlisti er heildarbiðlisti og nær yfir vistun á nokkrum undirdeildum og dvalarstöðum sem geðdeild Landspítalans hefur yfir að ráða.

Tæknifrjógungardeildir

Biðlisti tæknifrjógungardeildar er 335 pör. Gera má ráð fyrir að meðferð heppnist hjá þriðjungi þeirra og þannig líklegt að um 2/3 af þessum hópi fari aftur á biðlista á árinu. Auk þess eru framkvæmdar um 250 tæknisæðingar á ári. Meðferðafjöldi er um 350-400 glasaftrjógvanir á ári. Biðlistinn er um það bil eitt ár.

Háls-, nef- og eyrnadeildir

Heildarbiðlisti á háls- nef- og eyrnadeildum hefur lengst. Þegar litið er til einstakra deilda kemur þó í ljós að fækkun er á FSA.

Hjartadeildir

Biðlisti eftir hjartaþræðingu hefur stöðugt lengst frá árinu 1996. Frá síðustu athugun á biðlistum, í október á síðasta ári, hefur nokkuð fjölgað á biðlistanum eða um 37 sjúklinga. Hér getur verið um árstímbundna sveiflu að ræða þar sem biðlistinn nær hámarki á þessum tíma árs en er oftast í lágmarki á haustin. Fjöldi hjartaþræðinga á Landspítalanum hefur verið svipaður frá árinu 1997. Árið 1997 voru framkvæmdar 984 en árið 1999 voru þær 941.

Biðlisti á hjarta- og lungnaskurðeild lengist einnig, en biðtími er svipaður og síðasta haust eða um 10 vikur.

Kvensjúkdómadeildir

Rétt er að gera fyrirvara á heildartölu biðlistans, þar sem um auknar upplýsingar er að ræða, fimm daga deild Landspítalans bætist við. Sé litið á aðrar deilir er almenn fjölgun á biðlistum með undantekningu á FSA þar sem lítilsháttar fækkun er á biðlistanum og munar þar helst um fækkun á biðlista eftir sólarhringsplássi, úr 71 í 29 sjúklinga.

Lyflækningadeildir

Aðeins bárust upplýsingar frá lyflækningasviði á Heilbrigðisstofnun Neskaupstaðar. Varast ber að leggja mat á stöðu mála út frá því.

Lýtalækningar

Biðlisti eftir lýtaaðgerðum hefur lengst nokkuð bæði á Landspítalanum og á St. Jósefsspítala.

Þvagfæraskurðlækningar

Á heildarbiðlista eru fleiri nú en fyrr í vetur. Mestu munar um að nú er biðlisti á Sjúkrahúsi Akraness sem ekki hefur verið áður.

Vífilsstaðaspítali

Lítilliga hefur fækkað á biðlista eftir svefnrannsókn- um en biðtími eftir næturmeilingu er þó enn þá tæp tvö ár, nema sjúklingur sé í forgangshópi. Í útskýring- um frá deildinni kemur fram að forgangur á biðlista deildarinnar byggi að öðru jöfnu á því að grunur leiki á að öndunartruflanir valdi röskun á annarri líkamstarfsemi, svo sem hjartabilun. Einnig eru þeir í for- gangi sem hafa atvinnu af akstri bifreiða og eru haldnir dægursyfju.

Æðaskurðeildir

Hér kemur fram biðlisti tveggja æðaskurðeilda, á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Landspítala. Um er að ræða nýja deild á SHR en eins og komið hefur fram hafa þessar deildir verið sameinaðar í eina deild.

Öldrunarlækningar

Heildarbiðlisti er nú nokkuð lengri en áður. Sé litið til einstakra deilda má sjá að biðlisti er að myndast á FSA þar sem áður biðu sjö en nú 30. Svipað ástand er á Landspítalanum og verið hefur, en biðlisti á Sjúkra- húsi Reykjavíkur hefur lengst. Aukningin er eftir plássi á fimm dagadeild og dagspítala.